



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

12.janúar 2015

Mættir:

Haraldur Eyvinds –formaður	Erla Kristín Árnad- kraftlyftingadeild boðaði forföll
Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri boðaði forföll	Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikad
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Hjalti Ástbjartsson – handknattleiksdeild
Hafdís Guðmundsdóttir -meðst	Magnús Gunnarsson– knattspyrnudeild.
Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Ragnar Rafnsson -varaformaður	Bryndís Emildóttir- varamaður
Pétur Blöndal-varamaður	

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
2. Ljóminn
3. Gróttumessa
4. Önnur mál

1. Yfirlit deilda

Fimleikadeild

Guðrún Edda sagði vera rólegt tímabil hjá fimleikadeildinni núna en mótatímabilið að fara af stað. Fimleikadeild hélt glæsilega jólasýningu í desember sem þemað var Ofurhetjur björguðu jólunum og vara 2 sinnum fullt hús hjá þeim. Var ósk þátttakenda að hafa svona stóra þemasýningu. Helgina 17-18. Jan. nk verður stórt fimleikamót hérna á Nesinu sem fimleikadeild sér um, Hello Kitty mót. Fimleikadeild Gróttu munn einnig sjá um FSÍ mót helgina 30.jan -1.feb í 4-5.þrepi. Guðrún Edda sagði einnig frá því að nýtt gólf komi eftir 6 vikur, það tekur 6 tíma að setja það upp! Er verið að athuga með geymslustað fyrir gamla gólfið. Það vantar sárlega fleiri og betri áhöld til þess að það sé hægt að halda mót fyrir eldri þátttakendur, sleppur hjá yngri. Meistarahópur að fara til Boston í febrúar. Þetta eru 14 stelpur á aldrinum 11-16 ára og fylgdarlið. eru þær að fara að keppa á mótum þar. Grótta á marga fulltrúa í úrvalshópum FSÍ.





Handknattleiksdeild.

Hjalti tók í sama streng og Guðrún Edda og sagði að það væri lítið um að vera hjá handknattleiksdeild sem stendur. Bara búinn að vera einn leikur hjá mfl. kvenna og vara það sigurleikur á móti ÍBV. Framundan leikur hjá mfl. karla nk föstudag 16.jan. Yngri flokkarnir að taka þátt í mótum og svo fer handboltinn á Partille í sumar.

Knattspyrnudeild

Magnús sagði frá áætlun knattspyrnudeildar um stofnum á afreksstarfi. Fyrst um sinn verður einblínt á 2-3 flokk. Það á ekki að auka æfingamagnið heldur að skoða markmiðssetningu, mataræði ofl. Búið er að ráða aðstoðarþjálfara hjá meistarflokki karla og var Kristján Ómar Björnsson ráðinn og er mikil ánægja með þá ráðningu. Mótin eru að fara af stað og mun Gróttta keppa við KR í lengjubikarnum

Kraftlyftingadeild.

Enginn fulltrúi mætti en kom þó fram á fundinum að íþróttamaður Grótttu kæmi úr þeirra röðum Fanney Hauksdóttir.

2. Ljóminn

Ljóminn hélt stórt áramótaball hérna í íþróttamiðstöð Grótttu og var það mjög vel sótt. Var talsvert rætt um þrif og umgengni eftir ballið. Það þarf að setja verklagsreglur um hvernig skuli ganga um.

Nokkrir punktar komu fram

- Ath með hort fella eigi niður æfingar á gamlársdag og nýjársgdag?
- Hvenær verður búið að þrifa
- Reykinga og vínlykt í húsinu hvernig er hægt að minnka hana
- Uppröðun í fimleikasal
- Skoða hvort ekki eigi ekki að fá fólk frá t.d fimleikadeild til að sjá um að setja upp fimleikalinn
- þarf að setjast niður með þeim sem halda ballið og fara yfir verklagsreglur sem settar hafa verið

Mikil hugur í fólki að leyfa Ljómanum að halda áfram að vera með ballið.

3. Gróttumessa

Séra Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur í Seltjarnarneskirkju hafði samband við Grótttu og spurði hvort ekki væri áhugi að hafa Grótttumessu. Stakk hann uppá 1.mars og að þetta yrði einföld og létt messa. Gróttta er tilbúin í það en skoða á aðeins dagssetninguna hvort það sé nokkuð mikið um að vera þessa helgi hjá Gróttufólki. Þarf að finna börn til að lesa ritningalestur.

4. Önnur mál

- Guðrún Edda grætur það að komast ekki á þorablótið ;-)
- Ásta og Magnús sögðu frá því að þau hefður farið á fyrirlestur hjá ÍBR um ofþjálfun barna/of mikið að gera hjá börnum nú til dags. Mjög áhugavert.
- Ásta sagði frá að fólk væri ekki nógu duglegt að virða skilafrest á td. tilnefningum á íþróttamanni Grótttu og væri að skila allt allt allt of seint. VIRÐA DEADLINE!
- Ásta sagði einnig frá að núna væri mikil vinna framundan hjá henni varðandi leyfiskerfin, fyrirmyndarfélag og fl.





- Hafdís kom inná bílastæðamálin. Eru í ólestri og þarf að laga. Kom hugmynd að setja upp tilkynningu og mynd um hvernig eigi að leggja og byrja svo að sekta.
- Hjalti frá handknattleiksdeild koma aðeins inná kynningamál og heimasíðuna, finnst hún ekki nóg mikið notuð og lítið um að vera þar. Á döfinni er ekkert um að vera. Mikið hefur færst yfir í Facebook en þó hefur lítið verið uppfært þar líka. Það er í samningum þjálfara að þeir eigi að setja inn fréttir af sínum flokkum, þarf að skerpa á þessu. Þarf að tala við yfirþjálfara og kippa þessu í liðinn. Haraldur formaður sagði að hann myndi fá mann til að skoða og yfirfara síðuna og uppfæra hana.
- Miðasala hefst á Þorablót Gróttu fimmtudaginn 15.jan kl 09:00.

Fundi slitið kl 21:15

